# Eftirlaunasjóður F.Í.A.

Ársreikningur 2002

Eftirlaunasjóður F.Í.A.
Laugavegi 77 / Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

kt. 650376-0809

# Eftirlaunasjóður F.Í.A.

## Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda. | 2 |
| Skýrsla stjórnar . | 3 |
| Áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar | 4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-16 |
| Séreignardeild | 17-18 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Eftirlaunasjóðs F.Í.A.

Við höfum endurskoðað ársreikning Eftirlaunasjóðs F.Í.A. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og rekstur séreignardeildar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu eftirlaunasjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002, og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir eftirlaunasjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 22. apríl 2003.

**Deloitte & Touche hf.**

Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi

Gísli Guðmundsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar Eftirlaunasjóðs F.Í.A.

Við gerð þessa ársreiknings var í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarið ár.

Alls greiddu 362 sjóðfélagar hjá 12 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöldin námu alls kr. 409,1 milljón sem er 0,52% lækkun frá fyrra ári, en þá voru iðgjöldin 411,2 milljónir króna.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls kr. 275,9 milljónum sem svarar til 21,1% hækkunar frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 96. Á árinu fengu að meðaltali 50 greidd eftirlaun, 14 makalífeyri, 16 örorkulífeyri og 16 barnalífeyri.

Landsbanki Íslands hf. annast rekstur sjóðsins samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Gildandi rekstrarsamningur tók gildi á árinu 1999. Engin þóknun var greidd til Landsbankans en sölulaun námu 1.405 þús. kr.

Sjóðurinn starfrækir séreignardeild. Í ársreikningi þessum fylgir yfirlit um breytingu á hreinni eign og efnahagsreikningur séreignardeildar.

Eftirlaunasjóðurinn er þátttakandi í samstarfi þriggja lífeyrissjóða um skiptingu á örorkuáhættu sbr. 2. mgr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Á árinu ráðstafaði sjóðurinn alls kr. 6.837 milljónum til verðbréfakaupa og útlána. Verðbréfakaup á árinu skiptust þannig að kaup verðbréfa með breytilegum tekjum námu 97,18%, verðbréfa með föstum tekjum 0,17%, veðlán 2,76% og hækkun bundinna innlána 0,3%. Hlutfall erlendra mynta í verðbréfaeign sjóðsins var komin í 18% í árslok samanborið við 23% árið áður.

Varðandi launagreiðslur Eftirlaunasjóðsins árið 2002 vísast til skýringar nr. 17.

Hrein raunávöxtun á eignum sjóðsins umfram neysluverðsvísitölu var neikvæð um 3,73% á árinu og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára var 3,46% miðað við sömu vísitölu.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam kr. 7.820,2 milljónum í árslok. Á árinu lækkaði hún um kr. 7,2 milljónir, eða um 0,1%. Vísitala neysluverðs hækkaði um 2%.

# Áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn Eftirlaunasjóðs F.Í.A, forstöðumaður Eftirlaunasjóðs F.Í.A. og rekstraraðili sjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2003.

**Stjórn:**

Þ. Haukur Reynisson, formaður

Halldór Vilhjálmsson

Magnús Friðriksson

Guðmundur Pálsson

Snorri Ómarsson

**Forstöðumaður**

Þ. Haukur Reynisson

**Rekstraraðili:**

f.h. Landsbanka Íslands hf.

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2002

## Samtryggingardeild

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 81.832.346 | 82.239.235 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 327.329.385 | 328.956.938 |
| | | 409.161.731 | 411.196.173 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 273.493.792 | 225.083.403 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorku | | 261.450 | 435.750 |
| | | 273.755.242 | 225.519.153 |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 23.255.465 | (29.645.551) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | (153.337.232) | 911.234.445 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 2 | 0 | (599.534.521) |
| | | (130.081.767) | 282.054.373 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 4.487.988 | 3.986.365 |
| Vaxtagjöld | | 26.221 | 1.113.970 |
| Önnur fjárfestingargjöld | | 1.405.866 | 1.347.081 |
| | | 5.920.075 | 6.447.416 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 6.654.854 | 6.310.571 |
| | | 6.654.854 | 6.310.571 |
| Hækkun(lækkun) á hreinni eign fyrir matsbreytingar | | (7.250.207) | 454.973.407 |
| **Matsbreytingar** | | 0 | 599.534.521 |
| **Hækkun(lækkun) á hreinni eign á árinu** | | (7.250.207) | 1.054.507.928 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 7.827.449.930 | 6.772.942.002 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 7.820.199.722 | 7.827.449.930 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2002

| | Skýr. | 31.12.2002 | 31.12.2001 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 2,5-9 | 4.729.863.541 | 3.518.793.106 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2,10 | 1.689.582.412 | 2.885.228.873 |
| Veðlán | 2,11 | 1.305.240.672 | 1.231.176.914 |
| Bankainnistæður | | 0 | 138.733.884 |
| | | 7.724.686.625 | 7.773.932.776 |
| **Fjárfestingar** | | 7.724.686.625 | 7.773.932.776 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | 15 | 38.019.928 | 40.033.598 |
| Aðrar kröfur | | 6.623.889 | 723.707 |
| **Kröfur** | | 44.643.817 | 40.757.305 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 22.488.788 | 21.738.061 |
| Aðrar eignir | 17 | 39.362.776 | 1.174.052 |
| **Aðrar eignir** | | 61.851.564 | 22.912.113 |
| **Eignir** | | 7.831.182.006 | 7.837.602.194 |
| **Skuldir** | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Skuldir við séreignardeild | | 38.190 | 36.594 |
| Aðrar skuldir | | 10.496.239 | 9.884.907 |
| | | 10.534.429 | 9.921.501 |
| **Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur** | | | |
| Áfallinn kostnaður | | 447.855 | 230.763 |
| | | 447.855 | 230.763 |
| **Skuldir** | | 10.982.284 | 10.152.264 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | | 7.820.199.722 | 7.827.449.930 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

| | Skýr. | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 413.153.463 | 407.288.088 |
| Fjárfestingartekjur | | 260.039.813 | 197.274.622 |
| Afborganir verðbréfa | | 150.115.995 | 170.937.750 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 5.282.175.173 | 3.383.779.337 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 892.674.856 | 1.488.566.364 |
| Lækkun á bankainnistæðum | | 116.245.096 | 0 |
| Aðrar inngreiðslur | | 1.060.783 | 17.739 |
| **Inngreiðslur** | | 7.115.465.179 | 5.647.863.900 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 273.493.792 | 225.519.153 |
| Fjárfestingargjöld | | 37.540 | 6.447.416 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 3.768.398 | 6.190.340 |
| **Útgreiðslur** | | 277.299.730 | 238.156.909 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 6.838.165.449 | 5.409.706.991 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 6.637.447.123 | 5.724.441.832 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 11.291.598 | 0 |
| Ný veðlán og útlán | | 188.676.000 | 245.380.000 |
| Hækkun á bankainnistæðum | | 0 | 18.737.827 |
| **Ráðstöfun alls** | | 6.837.414.721 | 5.988.559.659 |
| **Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum** | | 750.728 | (578.852.668) |
| **Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun** | | 21.738.060 | 600.590.728 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | | 22.488.788 | 21.738.060 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Eftirlaunasjóður F.Í.A. starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Meginstarfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs en að auki rekur hann séreignarsjóð. Sjóðurinn er aðili að "Samkomulagi um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða" sem Landsbanki Íslands hf. hefur umsjón með. Tilgangur þessa samkomulags er að uppfylla ákvæði framangreindra laga um áhættudreifingu hjá sjóðum þar sem fjöldi sjóðfélaga er minni en 800.

Samtryggingarsjóður:

Eftirlaunasjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum laganna. Skylduaðild er að eftirlaunasjóðnum og er kveðið á um iðgjald til sjóðsins í kjarasamningum F.Í.A. við aðila vinnumarkaðarins. Þeir einir hafa aðild að þessum sjóði sem eru félagsmenn í Félagi íslenskra atvinnuflugmanna. Launþegum þessa félags ber að greiða 4% af heildarlaunum sínum til þessa sjóðs á móti 16% framlagi atvinnurekenda eða samtals 20% sem kallast lágmarksiðgjöld og skulu þau renna til samtryggingardeildar sjóðsins.

Séreignarsjóður:

Séreignardeild F.Í.A. tekur við viðbótariðgjöldum sjóðfélaga. Sjóðfélögum í Eftirlaunasjóði F.Í.A. er frjálst að greiða viðbótariðgjöld í séreignarsjóðinn.

Lífeyrisréttindi:

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda í sameign ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára. Þó er heimilt að taka út lífeyri frá 60 ára aldri með skertum réttindum í samræmi við samþykktir sjóðsins. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir varanlegum flugskírteinismissi. Andist sjóðfélagi, eiga eftirlifandi maki og börn rétt á lífeyri úr sjóðnum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún er óháð aldri. Eftirlaunasjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Árlega er gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins og getur hún haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Lífeyrisréttindi í séreignarsjóðnum miðast við innborguð iðgjöld rétthafa ásamt þeirri hreinu ávöxtun sem fengist hefur á iðgjöldin. Heimilt er að hefja töku séreignarsparnaðar þegar rétthafi er orðinn 60 ára, en þó ekki fyrr en tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

2. Með reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 76/2002 voru gerðar breytingar á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Með breytingunum voru afnumin ákvæði reglna um ársreikninga sem tóku til verðleiðréttinga í reikningsskilum vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga. Áfram er heimilt að færa sérstakt endurmat á eignir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ársreikningi þessum er því ekki reiknuð verðbreytingarfærsla. Samanburðartölum frá fyrra ári hefur ekki verið breytt.

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári að öðru leyti en því, að eftirlaunasjóðurinn hefur lagt af verðleiðréttingar í reikningsskilum sínum.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra.

Aðrar eignir samanstanda af jákvæðri stöðu framvirkra samninga í árslok 2002.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Samtryggingardeildin krafði ekki kostnaðarhlutdeildar af séreignardeildinni á árinu vegna rekstrarumsýslu.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Samtryggingardeild

### Lífeyrir

3. Lífeyrir greinist þannig:

| | Eftirlaun skv. samþykktum sjóðsins | Uppbætur á eftirlaun úr Uppb.sjóði FÍA | Lífeyrir alls | 2001 |
|---|---|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 188.150.455 | 2.102.270 | 190.252.725 | 153.113.928 |
| Örorkulífeyrir | 60.025.152 | 0 | 60.025.152 | 51.864.341 |
| Makalífeyrir | 21.455.696 | 850.559 | 22.306.255 | 19.387.488 |
| Barnalífeyrir | 3.862.489 | 0 | 3.862.489 | 3.583.286 |
| Lífeyrir alls | 273.493.792 | 2.952.829 | 276.446.621 | 227.949.043 |
| Framlag Uppbótarsjóðs FÍA | | | (2.952.829) | (2.865.640) |
| | 273.493.792 | 2.952.829 | 273.493.792 | 225.083.403 |

Ellilífeyrir þeirra sem áður nutu örorkulífeyris nam kr. 32,9 millj. á árinu 2002. Makalífeyrir fyrrum örorkulífeyrisþega nam kr. 8,1 millj. á árinu 2002.

### Vaxtatekjur og gengismunur

4. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnistæðum og skammtímakröfum | 7.676.274 | 19.496.445 |
| Dráttarvextir af iðgjöldum | 1.602.325 | 879.868 |
| Vaxatekjur af verðbréfum | 93.053.807 | 88.203.277 |
| Verðbætur og gengismunur af verðbréfum | (357.307.407) | 795.575.307 |
| Vanskilagjöld af innheimtubréfum | 1.181.794 | 1.566.204 |
| Gengismunur framvirkra samninga og gjaldmiðlaskiptasamninga | 100.455.975 | 5.513.344 |
| | (153.337.232) | 911.234.445 |

### Verðbréf með breytilegum tekjum

5. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 67.581.198 |
| Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum | 5.221 |
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 3.342.917.772 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 1.319.359.350 |
| | 4.729.863.541 |

# Skýringar

6. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

| Skráð félög: | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Íslandsbanki hf. | 0,05% | 4.653.824 | 22.059.125 |
| Landsbanki Íslands hf. | 0,08% | 5.644.129 | 20.601.071 |
| Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna hf. | 0,19% | 2.800.000 | 13.720.000 |
| Afl fjárfestingarfélag | 0,35% | 6.666.667 | 11.133.334 |
| | | | 67.513.530 |

| Óskráð félög: | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um VÞÍ | 1,35% | 67.668 | 67.668 |
| | | | 67.668 |

| | |
|---|---|
| Eignarhlutar í innlendum félögum alls | 67.581.198 |

7. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Decode Genetics | Óveruleg | 35 | 5.221 |
| Eignarhlutar í erlendum félögum alls | | | 5.221 |
| Hlutabréfaeign alls | | | 67.586.419 |

8. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:

| | |
|---|---|
| Sjóðir með hlutabréfum | 297.456.266 |
| Sjóðir með skuldabréfum | 3.045.461.506 |
| | 3.342.917.772 |

Erlendir verðbréfasjóðir:

| | |
|---|---|
| Sjóðir með hlutabréfum | 1.319.359.350 |
| Sjóðir með skuldabréfum | 0 |
| | 1.319.359.350 |
| Hlutdeildarskírteini alls | 4.662.277.122 |

9. Hlutdeildarskírteini sundurliðast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | |
|---|---|
| Úrvalsbréf | 297.456.266 |

9. frh.

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

| | |
|---|---|
| Markaðsbréf 1 | 84.327.483 |
| Markaðsbréf 2 | 276.945.918 |
| Markaðsbréf 3 | 737.420.579 |
| Markaðsbréf 4 | 1.353.044.714 |
| Peningabréf | 40.539.321 |
| Fyrirtækjabréf LÍ | 342.318.198 |
| Skuldabréfasjóður LÍ | 210.865.293 |
| | 3.045.461.506 |
| Innlendir verðbréfasjóðir alls | 3.342.917.772 |

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

| | Gjaldmiðill | |
|---|---|---|
| Fortuna European Hedge Fund | EUR | 354.420.245 |
| LB Global Equity Fund | EUR | 357.236.557 |
| ACM- China Portfolio | USD | 17.035.276 |
| ACM- Growth Trends Portfolio | USD | 72.053.395 |
| ACM- Global Value Portfolio | USD | 227.872.979 |
| ACM- Int. Health Care Fund | USD | 43.707.534 |
| ACM- American Growth Portfolio | USD | 24.619.717 |
| ACM- European Value Portfolio | USD | 33.136.346 |
| ACM- American Value Portfolio | USD | 75.059.600 |
| HSBC Chinese Equity Fund | USD | 7.160.661 |
| HSBC Pan European | USD | 53.847.434 |
| Mercury US Equity | USD | 53.209.606 |
| Erlendir verðbréfasjóðir alls | | 1.319.359.350 |
| Verðbréfasjóðir samtals | | 4.662.277.122 |

## Verðbréf með föstum tekjum

10. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð

| | |
|---|---|
| Skuldabréf Húsnæðisstofnunar og Byggingarsj. verkamanna | 22.872.583 |
| Húsbréf | 531.727.987 |
| Spariskírteini ríkissjóðs | 298.811.375 |
| Fjárfestingalánasjóðir með ábyrgð ríkisins | 41.885.861 |
| | 895.297.806 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 74.351.202 |
| Skuldabréf lánastofnana | 414.999.444 |
| Skuldabréf eignarleigufyrirtækja | 9.447.740 |
| Skuldabréf fyrirtækja og skuldabréf með einfaldri ábyrgð sveitarfélaga | 192.486.220 |
| Skuldabréf tengd erlendum hlutabréfavísitölum | 103.000.000 |
| Verðbréf með föstum tekjum alls | 1.689.582.412 |

# Skýringar

## Veðlán

11. Veðlán greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Skuldabréf sjóðfélaga | 1.320.921.799 |
| Niðurfærsla veðskuldabréfa | (15.681.127) |
| | 1.305.240.672 |

## Afskriftarreikningur útlána

12. Verðbréf eru færð niður með hliðsjón af almennri útlánaáhættu sem tengist starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 15.681.127 |
| Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu | 0 |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 0 |
| | 15.681.127 |

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

13. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Í íslenskum krónum | Í erlendum gjaldmiðlum | Samtals |
|---|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 3.410.498.970 | 1.319.364.571 | 4.729.863.541 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 1.689.582.412 | 0 | 1.689.582.412 |
| Veðlán | 1.305.240.672 | 0 | 1.305.240.672 |
| | 6.405.322.054 | 1.319.364.571 | 7.724.686.625 |
| Hlutfallsleg skipting | 83% | 17% | 100% |

## Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

14. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins er áætlað kr. 7.716 milljónir eða kr. 8,7 milljónum lægra en bókfært verð.

## Kröfur

15. Kröfur á launagreiðendur vegna óinnheimtra iðgjalda eru áætlaðar kr. 38 milljónir. Mat iðgjaldakrafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

## Lífeyrisskuldbindingar

16. Tryggingafærðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2002 miðað við 3,5% ársvexti þá eru áfallnar skuldbindingar umfram eignir kr. 26 milljónir sem samsvarar 0,3% af skuldbindingum og heildarskuldbindingar umfram eignir nema kr. 1.040 millj. sem samsvara 7% af heildarskuldbindingum.

| | Áfallin skuldbinding m.kr. | Framtíðar-skuldbinding m.kr. | Heildar-skuldbinding m.kr. |
|---|---|---|---|
| Eignir | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 7.820 | | 7.820 |
| Núvirði verðbréfa, hækkun | 891 | | 891 |
| Lækkun vegna fjárfestingargjalda | (139) | | (139) |
| Verðmæti framtíðariðgjalda | | 5.347 | 5.347 |
| | 8.572 | 5.347 | 13.919 |
| Skuldbindingar | | | |
| Ellilífeyrir | 6.505 | 4.646 | 11.151 |
| Örorkulífeyrir | 440 | 465 | 904 |
| Makalífeyrir | 1.499 | 1.057 | 2.556 |
| Barnalífeyrir | 89 | 103 | 192 |
| Rekstrarkostnaður | 66 | 90 | 156 |
| | 8.598 | 6.361 | 14.960 |
| Eignir umfram skuldbindingar | (26) | (1.014) | (1.040) |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | -0,3% | -15,9% | -7,0% |

## Ábyrgðir

17. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga og vísitölusamninga við lánastofnanir. Samningarnir eru gerðir í þeim tilgangi að takmarka gengisáhættu vegna eigna sjóðsins. Miðað við gengi í árslok hefur sjóðurinn skuldbundið sig til gjaldmiðlaviðskipta fyrir um 972 millj. kr. Staða þessa samninga í árslok var jákvæð um 39 millj. kr. og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur sjóðsins til hækkunar á vaxtatekjum og gengismun og til eignar á liðinn aðrar eignir í ársreikningi.

## Önnur mál

18. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun | 5.603.312 | 4.586.574 |
| Bifreiðastyrkir | 1.386.084 | 1.386.084 |
| Launatengd gjöld | 712.796 | 603.922 |
| | 7.702.192 | 6.576.580 |

Enginn starfsmaður er í föstu starfi hjá sjóðnum.

## Kennitölur samtryggingardeildar

19. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | -3,73% | 3,72% | 3,20% | 7,75% | 6,78% |
| Meðaltal hreinnar raun-ávöxtunar sl. 5 ár | 3,46% | 5,44% | 6,03% | 6,75% | 6,66% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbr. með breytil. tekjum | 55,95% | 22,16% | 14,61% | 15,89% | |
| Skráð verðbr. með föstum tekjum | 16,61% | 51,30% | 55,87% | 56,91% | |
| Óskráð verðbr. með breytil. tekjum | 6,62% | 3,50% | 2,03% | 4,01% | |
| Óskráð verðbr. með föstum tekjum | 3,89% | 6,88% | 10,24% | 9,34% | |
| Veðlán | 16,93% | 16,16% | 17,25% | 13,85% | |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 82,92% | 77,48% | 91,28% | 92,60% | 96,20% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 17,08% | 22,52% | 8,72% | 7,40% | 3,80% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 362 | 371 | 356 | 336 | 299 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 96 | 91 | 91 | 77 | 69 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun | 68,8% | 67,2% | 63% | 65% | 72% |
| Örorkulífeyrir | 21,7% | 22,8% | 26% | 23% | 16% |
| Makalífeyrir | 8,1% | 8,5% | 9% | 10% | 11% |
| Barnalífeyrir | 1,4% | 1,6% | 2% | 2% | 1% |
| Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt: | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | -7,0% | -3,1% | 1,8% | 1,8% | 2,2% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | -0,3% | 5,7% | 14,6% | 14,4% | 17,3% |

# Séreignardeild
# E.F.Í.A.

Ársreikningur 2002

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2002

## Séreignardeild

| | 2002 | 2001 |
|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | |
| Iðgjöld launagreiðenda | 875.791 | 792.276 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | 0 | 0 |
| | 875.791 | 792.276 |
| **Lífeyrir** | | |
| Lífeyrir | 0 | 0 |
| | 0 | 0 |
| **Fjárfestingartekjur** | | |
| Vaxtatekjur og gengismunur | (98.114) | 277.573 |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga | 0 | (286.147) |
| | (98.114) | (8.574) |
| **Fjárfestingargjöld** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 0 | 0 |
| Vaxtagjöld | 948 | 710 |
| | 948 | 710 |
| **Rekstrarkostnaður** | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 0 | 0 |
| | 0 | 0 |
| Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr. | 776.729 | 782.992 |
| **Matsbreytingar** | 0 | 286.147 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | 776.729 | 1.069.139 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 4.015.480 | 2.946.341 |
| **Hrein eign í árslok til gr. lífeyris** | 4.792.209 | 4.015.480 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2002

| | Skýr. | 31.12.2002 | 31.12.2001 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 4.660.657 | 3.908.596 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 0 | 0 |
| | | 4.660.657 | 3.908.596 |
| **Fjárfestingar** | | 4.660.657 | 3.908.596 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 83.247 | 81.246 |
| Aðrar kröfur | | 0 | 24.403 |
| **Kröfur** | | 83.247 | 105.649 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 871 | 1.235 |
| Aðrar eignir - staða framvirkra samninga | | 47.434 | |
| **Aðrar eignir** | | 48.305 | 1.235 |
| **Eignir** | | 4.792.209 | 4.015.480 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skuldir** | | 0 | 0 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris alls** | | 4.792.209 | 4.015.480 |

| | | |
|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun séreignardeildar | -4,1% | -0,3% |
| Fjöldi rétthafa í séreign á árinu | 4 | 4 |